

91. stjórnarfundur haldinn 9. nóvember 2015 á Nauthóli Reykjavík kl. 13:30

Mætt: Ármann Höskuldsson, Óli Halldórsson, Ruth Magnúsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Guðrún Á. Jónsdóttir, Guðmundur Hörður Guðmundsson, Snorri Ingimarsson og einnig Sandra Dís Hafþórsdóttir varamaður formanns og Vilhjálmur Árnason, varamaður varaformanns. Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri, sat einnig fundinn.

Fundur hófst kl. 13:30

1. *Dagskrá samþykkt.*

Formaður lagði til að varamenn formanns og varaformanns fengju að sitja fundi stjórnar með málfrelsis og tillögurétt, en án atkvæðaréttar. Samþykkt einróma.

2. *Fjármál*

- *Frumvarp til Fjárlaga 2016*

o *1.01 Rekstur*

Til rekstrar eru nettó 313 m.kr. og gerð er krafa um sértekjur að upphæð 251 m.kr. Breytingar frá Fjárlögum 2015 eru, að annars vegar er gerð aðhaldskrafa að upphæð 3,6 m.kr. og hins vegar kemur inn 16 m.kr. aukning til landvörslu. Svo og er krafan um sértekjur hækkuð um 14,9 m.kr. frá Fjárlögum 2015.

o *6.41 Framkvæmdir*

Til framkvæmda eru ætlaðar 107,4 m.kr. Í Fjárlögum 2015 voru 123,2 m.kr. til framkvæmda.

Vinna við fjárlagagerð fyrir fjárlög 2017 er að hefjast.

- *Framkvæmdasjóður ferðamannastaða 2016*

Undir lok október s.l. voru lagðar fram 8 umsóknir um fjármagn til verkefna í þjóðgarðinum. Gróft kostnaðarmat þeirra verkefna er rúmar 300 m.kr.

Óli Halldórsson gerði athugasemd við að stjórn hafi ekki fengið gögn vegna reksturs 2016, þ.m.t. drög að rekstrar- og fjárfestingaáætlun og óskaði einnig eftir því að stjórn færi yfir útgjaldaáætlun þjóðgarðsins hið fyrsta.

Stefnt að því að slík gögn muni liggja fyrir næsta fundi stjórnar.

3. *Stjórnunar- og verndaráætlun*

Lögð voru fram drög að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eins og skilið hafði verið við hana af fráfarandi stjórn. Ný stjórn mun vinna áfram með verkefnið og stefnir að ljúka við gerð áætlunarinnar fyrir mitt næsta ár. Einnig rætt um að ýmis ákvæði þurfa skoðunar í ljósi nýrra Náttúruverndarlaga og bæta þyrfti við kafla um íshella og skoða betur kaflann um tjöldun. Endanleg útgáfa af Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð mun því liggja fyrir á árinu 2016.

4. *Lög Vatnajökulspjóðgarðs*

Lögð voru fram drög að breytingum á lögum fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, sem unnið er með í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stjórn mun taka málið til umfjöllunar á næsta fundi. Áætlað er að umhverfis- og auðlindaráðherra leggi frumvarpið fram fljótlega.

5. *Atvinnustefna þjóðgarðsins*

Lögð voru fram drög að Atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sem unnið hefur verið með um hríð. Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs þarf að vera fullmótuð í kjölfar setningar nýrra laga fyrir þjóðgarðinn.

- Í framhaldi af ákvörðun fyrri stjórnar um kynningu Atvinnustefnunnar var ákveðið að leita til ráðgjafa til samstarfs við starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs vegna kynningarátaks hennar.
- Stefnt er að því að ljúka við gerð Atvinnustefnunnar á fyrstu mánuðum komandi árs.

6. *Geststofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri*

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur ákveðið að rísa muni Geststofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri og unnið er að því að fjármagn fái í Fjárlögum 2016 til að undirbúa verkefnið. Stefnt skal að framkvæmdir hefjist á næsta ári og Gestastofan verði opnuð árið 2018.

7. *Vatnajökulsþjóðgarður/UNESCO*

Árman kynnti áætlanir um a koma Vatnajökulsþjóðgarði inn á lista „UNESCO natural heritage site“

Stefnt er að því að hefja þá vinnu á árinu 2016 og leggja fram tillögur til UNESCO í kjölfarið. Leitað verður eftir stuðning ráðherra umhverfis og auðlindarmála og ríkisstjórnar við verkefnið.

Áætlað er að umsóknarferlið muni kosta um 12 m.kr.

8. *Önnur mál*

- Óli Halldórsson, leggur til stjórn taki upp þá almennu stefnu að, að gera ráð fyrir rekstrarfjármunum til að halda gestastofum þjóðgarðsins opnum allt árið, þ.m.t. Gljúfrastofu í Ásbyrgi, sem lokuð hefur verið stóran hluta árs til þessa. Slík ætti að vera sjálfsögð grunnþjónusta þjóðgarðsins í byggðum landsins og mun stuðla að bættri ímynd og meiri árangri í náttúruvernd á hverju svæði.
 - Stjórnarmenn sammála um að stefna skuli að heilsársopnun allra gestastofa þjóðgarðsins í rekstraráætlun fyrir árið 2016 og unnið verði að því að fjármagn fái til þess á Fjárlögum næsta árs.
- Ruth Magnúsdóttir sagði frá kynningu á þingi sveitarfélaga á Austurlandi um mögulegt samstarf sveitarfélaga og þjóðgarðsins í tengslum við rekstur upplýsingastofu í Möðrudal. Í ályktun þingsins kemur fram vilji til að kanna málið frekar. Ruth kallaði eftir að lagt væri upp með nokkrar tillögur að mögulegu fyrirkomulagi frá hendi þjóðgarðsins til að vinna með í framhaldinu.
- Tillaga að Matsáætlun frá Landsneti um Sprengisandslínu dags. okt. 2015.
 - Sendar verða inn athugasemdir frá þjóðgarðinum.

9. *Næsti stjórnarfundur*

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði *miðvikudaginn 2. desember á vestursvæði* og reynt verður að halda þeirri reglu að stjórnarfundur verði fyrsta miðvikudag í mánuði.

Vilhjálmur yfírgaf fund kl. 15:30

Fundi lauk kl.16:45